

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Mótorhjólasafn Íslands.

### 1. gr.

Stofnunin heitir Mótorhjólasafn Íslands sjálfseignarstofnun og skal nafnið ritað Mótorhjólasafn Íslands. Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

### 2. gr.

Heimili og varnarþing stofnunarinnar skal vera að Ránargötu 10, 600 Akureyri.

### 3. gr.

<i>Stofnendur eru:</i>	<i>kennitala</i>	<i>heimilisfang</i>	
Axel Stefánsson	291057-2849	Ytri Neslönd	660 Mývatn
Jón Dan Jóhannsson	220143-6279	Rimasíða 9	603 Akureyri
Sigurjón P. Stefánsson	110755-7169	Stararimi 49	112 Reykjavík
Stefán Finnbogason	120761-2349	Lyngberg	601 Akureyri
Steingrímur Pétursson	160872-5439	Háhlíð 14	603 Akureyri
Gunnar Rúnarsson	061061-7469	Vesturgil 5	603 Akureyri
Rúnar Jóhannsson	140952-3979	Skálateigur 7	600 Akureyri
Jóhann Freyr Jónsson	120468-3249	Ránargata 10	600 Akureyri
Jón E. Aspar	240125-4479	Ásvegur 31	600 Akureyri
Fjárfestingarfélagið Sjöfn hf.	580269-3899	Austursíða 2	603 Akureyri
Guðmundur Jóhannsson	040857-2659	Hvammshlíð 5	603 Akureyri

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 1.000.000, sem skal allt vera óskerðanlegt og leggja stofnendur fram allt stofnfé. Stofnféð mun verða ávaxtað með tryggum hætti samkvæmt ákvörðun stjórnar.

Ávöxtun stofnfjár ásamt öðrum framlögum og styrkjum sem safnað hefur verið í því skyni verður notað til þess að starfrækja bifhjólasafn á Akureyri í samræmi við tilgang stofnunarinnar eins og hann birtist í 4. gr. skipulagsskrárinnar.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

### 4. gr.

Megintilgangur stofnunarinnar skal vera að starfrækja bifhjólasafn á Akureyri, nánar tiltekið að safna, varðveita og sýna bifhjól og muni sem tengjast bifhjólum á Íslandi, sögu þeirra og þróun. Einnig er það markmið safnsins að safna myndum og munum og skrá sögu og aðra þætti sem hafa menningarsögulegt gildi fyrir sögu bifhjóla á Íslandi. Alla muni sem safninu berast skal skrásetja og merkja, gera grein fyrir uppruna þeirra og sögu og varðveita í sölum eða geymslu safnsins. Starfsemin er ekki rekin í hagnaðarskyni og skal öllum ágóða, ef einhver verður, varið til þess að efla starfsemi safnsins til almenningsheilla.

## 5. gr.

Í safninu skal jafnan vera grunnsýning sem gefur innsýn í sögu og þróun bifhjóla á Íslandi. Þá skal að því stefnt að settar verði upp sérsýningar með reglulegu millibili með það að markmiði að vekja athygli á sögu bifhjóla á Íslandi. Bifhjólasafnið skal hafa sýningarsal opinn á auglýstum sýningartímum. Það skal rækja fræðsluhlutverk sitt við almenning m.a. með sýningum og útgáfustarfsemi. Þá skal safnið sinna skólum og menntastofnunum í samvinnu við fræðslufirvöld.

## 6. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm einstaklingum og einum framkvæmdastjóra. Stjórnarmenn aðrir en framkvæmdastjóri skulu kosnir á aðalfundi stofnunarinnar til tveggja ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Varamenn hafi fundarseturétt og jafnan aðgang að gögnum stofnunarinnar sem og stjórnarmenn. Fyrsta stjórn stofnunarinnar skal tilnefnd af stofnendum sjálfseignarstofnunarinnar og skal sú stjórn sitja fram að fyrsta aðalfundi.

Stjórn skiptir sjálf með sér verkum. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum í stjórn stofnunarinnar. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina.

Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans.

Stjórn stofnunarinnar gengur frá tillögum að fjárhagsáætlun hvers árs, sem síðan eru sendar til kynningar hjá stofnaðilum og helstu samstarfs- og stuðningsaðilum, samkvæmt ákvörðun stjórnar.

Stjórnin skal vinna að markmiðum stofnunarinnar sem fram koma í 4. gr. og skal gæta þess eftir fremsta megni að kostnaður við starfsemina sé í samræmi við rekstraráætlanir. Óheimilt er að binda eignir stofnunarinnar veðböndum eða skuldbindingum sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

Auk aðalfundar skal halda stjórnarfundum a.m.k. tvisvar sinnum á ári. Formaður stjórnar boðar til funda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar skriflega og skal hann þá haldinn innan þriggja vikna frá því krafan er gerð. Stjórnarfundir skulu skráðir í gerðabók.

Stjórn skal halda bókhald og skila ársreikningi á aðalfundi, endurskoðuðum af löggiltum endurskoðanda. Stjórn félagsins velur endurskoðanda stofnunarinnar.

Hver sem er, einstaklingur og/eða lögpersóna, getur gerst hollvinur stofnunarinnar að fengnu samþykki stjórnar stofnunarinnar og samkvæmt nánari reglum sem stjórnin setur. Hollvinir skulu hafa rétt til setu á aðalfundi stofnunarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

## 7. gr.

Framkvæmdastjóri er æðsti stjórnandi stofnunarinnar og hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða reksturinn. Framkvæmdastjóri sinnir einnig almennu reikningshaldi og ráðningu starfsliðs auk þess sem hann ber ábyrgð á fjárvörslu stofnunarinnar.

Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn eftir því sem þörf þykir í samræmi við umfang starfsemi stofnunarinnar og felur þeim verkefni. Framkvæmdastjóri situr að jafnaði stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

## 8. gr.

Starfsemi stofnunarinnar verður fjármögnuð með styrkjum og fjárframlögum frá einstaklingum og lögpersónum, innlendum sem erlendum og fjárveitingum frá opinberum aðilum. Þá aflar safnið sér einnig tekna með innheimtu aðgangseyris, sölu minjagripa, sölu

veitinga, vaxtatekjum, styrkjum, gjöfum, auglýsingatekjum eða öðrum framlögum sem stofnuninni kunna að berast.

Setji styrkveitandi sérstök skilyrði fyrir styrkveitingu skal bera skilyrðin undir stjórnarfund til samþykktar eða synjunar.

#### 9. gr.

Starfsár og reikningsár er frá 1. janúar til 31. desember. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðendur eigi síðar en 30. mars ár hvert.

Til aðalfundar og aukaáðalfundar skal boða skriflega með minnst 14 daga fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Á fundunum skal hver stjórnarmeðlimur fara með eitt atkvæði. Hollvinir skulu einungis hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundum.

Ef taka á til meðferðar á aðalfundi eða aukafundi tillögu til breytinga á skipulagsskrá þessari skal meginefni tillögunnar fylgja fundarboði.

Viku fyrir aðalfund hið skemmsta skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda, liggja frammi á starfsstöð stofnunarinnar. Aðalfundur er ályktunarhæfur ef meira en helmingur meðlima stjórnar mæta á fund. Afl atkvæða meðlima stjórnar ræður úrslitum á aðalfundum nema aukins meirihluta sé krafist samkvæmt lögum og/eða skipulagsskrá þessari.

#### 10. gr.

Á dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Afgreiðsla ársreiknings.
3. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar.
4. Tilnefning stjórnar.
5. Kjör endurskoðenda.
6. Starfsreglur stjórnar.
7. Önnur mál.

#### 11. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal gera fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár. Stjórnin skal í samráði við framkvæmdastjóra fylgjast grannt með fjárhag stofnunarinnar einkum með því að tekjur stofnunarinnar standi undir kostnaði og skuldbindingum.

#### 12. gr.

Tillögur að breytingum á skipulagsskrá þessari skal leggja fyrir aðalfund þar sem þær skulu kynntar og afstaða tekin til þeirra og greidd um þær atkvæði. Tillögur um breytingar á skipulagsskránni skulu berast stjórn með nægilegum fyrirvara svo unnt sé að geta slíkrar tillögu í fundarboði. Til að breytingar á skipulagsskránni geti öðlast gildi þurfa 2/3 hluta atkvæða meðlima stjórnar að samþykkja tillögu þar um.

Tillögur um að fella niður skipulagsskrá stofnunarinnar og leggja hana niður skal farið með á sama hátt og breytingar.

#### 13. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari. Sé skipulagsskrá breytt eða sé samþykkt að hún sé lögð niður skal leita staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki.

14. gr.

Komi til þess að sjálfseignarstofnunin verði lögð niður skal stjórn hennar gera upp skuldir og eignir og slíta svo rekstri hennar. Skulu eftirstandandi eignir renna til málefna sem stjórn stofnunarinnar ákveður, og samræmist tilgangi félagsins.

Skipulagsskrá þessi tekur gildi við staðfestingu sýslumannsins á Sauðárkróki.

Samþykkt á stofnfundi Mótorhjólafafns Íslands á Akureyri þann 17. október 2007.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 4. desember 2007.*

**Ríkarður Másson.**

Helgi M. Ólafsson.

\_\_\_\_\_

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2007